


Ársskýrsla Fiskeldissjóðs

2023



Ársskýrsla Fiskeldissjóðs

2023

F
23

**Fiskeldissjóður
Ársskýrsla 2023**

Útgefandi:

Fiskeldissjóður
Matvælaráðuneytinu
Borgartúni 26
105 Reykjavík
545 9700
www.fiskeldissjodur.is
postur@mar.is

Hönnun og umbrot:

Ingi Kristján Sigurmarsson

ISSN 2772-1876

© Fiskeldissjóður
ágúst 2024

Ábyrgðarmaður:

Haraldur L. Haraldsson
stjórnarformaður



Hlutverk Fiskeldissjóðs er að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.



Á þremur fyrstu starfsárum Fiskeldissjóðs hafa tæplega 540 milljónir króna runnið til fjölbreyttra og krefjandi verkefna til að mæta vaxandi kröfum íbúa og atvinnulífs í takt við aukin umsvif í sjókvíaeldi.

Á árinu 2023 var úthlutað styrkjum til 12 verkefna í sjö sveitarfélögum, samtals að fjárhæð 247,7 milljónir króna.



Efnisyfirlit

Horft yfir farinn veg	4
Fiskeldissjóður	6
Úthlutunarreglur 2023 og mat á umsóknum	7
Nánari upplýsingar um sjóðinn	7
Samráð við sveitarfélögin	8
Breytingar á úthlutunarreglum	8
Úthlutun 2023	10
Vatnsveita (framhaldsverkefni)	12
Bolungarvík 33.280.000 kr.	
Dýpkun hafnar í Fjarðabyggð	13
Eskifirði 24.500.000 kr.	
Fráveita í Fjarðabyggð	14
Breiðdalsvík 24.450.000 kr.	
Fráveita í Ísafjarðarbæ	15
Flateyri 22.010.000 kr.	
Hreinsivirki og sameining útrása Ísafjarðarbæ	16
Suðureyri 24.270.000 kr.	
Færanlegar kennslustofur í Strandabyggð	17
Hólmavík 24.440.000 kr.	
ISPS-vottun hafnarsvæðis	18
Súðavíkurhreppi 2.750.000 kr.	
Endurbætur á skólahúsnæði og skólalóð	19
Tálknafjarðarhreppi 24.760.000 kr.	
Slökkvibífreið í Vesturbyggð	20
Bíldudal 29.020.000 kr.	
Þekkingar- og þróunarsetur í Vesturbyggð	21
Patreksfirði 8.480.000 kr.	
Viðbygging við leikskóla í Vesturbyggð	22
Patreksfirði 26.480.000 kr.	
Örveruhreinsun með geislatækni í Vesturbyggð	23
Bíldudal 5.250.000 kr.	

Úthlutanir styrkja úr Fiskeldissjóði 2021–2023	24
Styrkir Fiskeldissjóðs skipt eftir landshlutum	25
Hvernig nýtast styrkir Fiskeldissjóðs?	26
Staða verkefna sem hlutu styrk 2021–2023	26
Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar	28
Ársskýrslur Fiskeldissjóðs	29
Ársreikningur 2023	31

Horft yfir farinn veg



Úthlutun ársins 2023 er þriðja úthlutun úr Fiskeldissjóði frá því sjóðurinn tók til starfa. Á árunum 2021 til 2023 voru veittir styrkir úr Fiskeldissjóði samtals 538 milljónir króna og komin er ákveðin þekking á því í hvað úthlutanir hafa farið.

Á fyrsta starfsári sjóðsins samþykkti stjórnin úthlutunarreglur þar sem m.a. var stuðst við ákveðna matsþætti og mælikvarða sem stjórnin hafði til hliðsjónar við meðferð umsókna. Stjórnin hefur síðan stuðst við þessa matsþætti og mælikvarða með örfáum breytingum við úthlutanir úr sjóðnum. Áhersla hefur verið á að styrkja uppbyggingu innviða og horft til eftirtalinna þátta: Styrkari samfélagsgerð (menntun, menning, íbúapróun), uppbygging innviða (atvinnulíf, þjónusta), loftslagsmarkmið og umhverfisvernd (fráveita, orkuskipti, vatnsveita), tenging við sjókvíældi (hafnir, aðstaða í landi) og nýsköpun hverskyns tengd framangreindum þáttum. Samhliða þessu hefur verið lögð rík áhersla á gott samstarf við viðkomandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig hefur verið lögð áhersla á gegnsæi með því að hægt er að skoða úthlutanir og greinargerðir með þeim á vef sjóðsins ásamt matsþáttum, mælikvörðum sem og fundargerðum stjórnar.

Ríkisendurskoðun tók sjóðakerfi sjókvíældis til athugunar og birti skýrslu um þá athugun í febrúar 2023. Þar er fjallað sérstaklega um Fiskeldissjóð og starfshættir raktir. Engar athugasemdir voru gerðar við stjórnsýslu sjóðsins en í ábendingum til ráðuneytisins segir hins vegar að taka þurfi árangur Fiskeldissjóðs til athugunar. Með tilliti til þess m.a. hefur stjórn sjóðsins flokkað verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt og nánar er rakið í þessari skýrslu.

	Styrkveitingar 2021-2023	Hlutfallsleg skipting	Ársframleiðsla í sjó- kvíældi 2021-2023, lax	Hlutfallsleg framleiðsla
Austurland	147.878.988	27,5%	36.550	28,5%
Vestfirðir	389.911.011	72,5%	91.795	71,5%
Samtals	537.789.999	100,0%	128.345	100,0%

Til sveitarfélaga á Austurlandi hafa farið samtals 148 millj. kr., eða 27,5% af úthlutuðum styrkjum, en samkvæmt vef Matvælastofnunar var hlutdeild Austurlands árin 2021 til 2023 í framleiðslu á sjókvíældi (laxi) 28,5%. Til sveitarfélaga á Vestfjörðum fóru á sama tíma 390 millj. kr., eða 72,5% og var framleiðslan þar 71,5% af heildarframleiðslu áranna. Þetta er athyglisverð niðurstaða í ljósi þess að styrkir eru veittir til verkefna, óháð staðsetningu, sveitarfélagi eða landshluta.

Þegar styrkveitingar s.l. þriggja ára eru skoðaðar eftir verkefna-flokkum er það mat stjórnar að vel hafi til tekist við úthlutanir miðað við framangreinda áherslu stjórnar, matsþætti og mælikvarða.

Verkefna-flokkar	Samtals veittir styrkir 2021-2023	Hlutfallsleg skipting
Neysluvatn	151.328.665	28,1%
Skóli	133.171.218	24,8%
Fráveita	127.075.410	23,6%
Hafnir	57.957.660	10,8%
Brunavarnir	50.143.666	9,3%
Annað	18.113.380	3,4%
Samtals	537.789.999	100%

Hlutfallslega hefur mest af styrkveitingum verið vegna neysluvatns, eða 28,1%, síðan skóla 24,8% og fráveitu 23,6%. Þessir þrír þættir skera sig nokkuð úr þar sem til þeirra hafa farið samtals 76,5% af styrkveitingum áranna 2021-2023. Síðan koma hafnir með 10,8%, brunavarnir 9,3% og loks annað, 3,4%. Allt eru þetta verkefni sem sveitarfélögum hefur almennt reynst erfitt að fjármagna og má þar helst nefna fráveitu-, vatnsveitu- og brunamál. Það er því ánægjulegt að sjá að reynslan sýnir okkur nú að styrkir úr sjóðnum hafa að mestu leyti farið í einmitt þessi verkefni ásamt til skóla- og hafnamála.

Nokkur gagnrýni hefur komið á það fyrirkomulag sem verið hefur, þ.e. að sérstök stjórn skuli úthluta styrkjum úr fiskeldissjóði til verkefna í viðkomandi sveitarfélögum. Kallað hefur verið eftir því að sveitarfélögin fái þessi framlög frá ríkinu beint til sín samkvæmt hlutfallsreikningi, í stað þess að þurfa að sækja um styrki til ákveðinna verkefna.

Með vísan til reynslunnar sem hér hefur verið rakin má spyrja hvort mögulegt sé að það fyrirkomulag sem hefur verið á úthlutun með styrkjum úr sjóðnum, hafi virkað sem hvati fyrir sveitarfélögin til að fara einmitt í framangreind verkefni sem ella hefðu mætt afgangi, m.a. vegna kostnaðar. Er mögulegt að fái sveitarfélögin framlög beint úr sjóðnum að þá fari þau í almennan rekstur hjá viðkomandi sveitarfélögum í stað þess að fara í brýn innviðaverkefni eins og reynslan af styrkveitingum hefur sýnt fram á til þessa?

Haraldur Líndal Haraldsson, stjórnarformaður

Fiskeldissjóður

Stjórn Fiskeldissjóðs 2023

Haraldur Líndal Haraldsson, formaður

Álfheiður Ingadóttir

Kjartan Dige Baldursson

Starfsmaður Fiskeldissjóðs 2021-2022

Hallveig Ólafsdóttir

Starfsmaður Fiskeldissjóðs 2023

Hjalti Jón Guðmundsson

Starfsmaður Fiskeldissjóðs 2024

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir



Starfsmenn og stjórn Fiskeldissjóðs. Frá vinstri: Hjalti Jón Guðmundsson, Kjartan Dige Baldursson, Álfheiður Ingadóttir, Haraldur Líndal Haraldsson og Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir. Ljós. Matvælaráðuneytið.

Úthlutunarreglur 2023 og mat á umsóknum

Um sjóðinn gilda lög nr. 89/2019. Stjórn sjóðsins ber að leggja faglegt mat á umsóknir og verkefni og forgangsraða þeim í samræmi við hlutverk sjóðsins og áherslur stjórnar hverju sinni. Þær áherslur koma fram í 4. gr. úthlutunarreglna sjóðsins og eru óbreyttar frá fyrra ári:

- 1. Styrkari samfélagsgerð (menntun, menning, íbúapróun) allt að 20%;**
- 2. Uppbygging innviða (atvinnulíf, þjónusta) allt að 17,5%;**
- 3. Loftslagsmarkmið og umhverfisvernd (fráveita, orkuskipti, vatnsveita) allt að 15%;**
- 4. Tenging við sjókvíaeldi (hafnir, aðstaða í landi) allt að 10%;**
- 5. Nýsköpun hvers kyns, tengd ofangreindum þáttum allt að 7,5%.**

Metið var að hve miklu leyti hver umsókn félli að hverjum og einum áherslupætti, sem hafa vægi á bilinu 7,5%-20%, en fullnægjandi kostnaðar- og framkvæmdaráætlun gildir allt að 30%. Við mat á umsóknum ber sjóðnum einnig að leggja áherslu á þörf fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu á umsóknarsvæðum sem og raunhæfni áætlana, sbr. 2. mgr. 8. gr. rg. 100/2022. Forgangsröðun matsþátta kemur fram á matsblaði sem stjórn studdist við og er hluti af úthlutunarreglum.

Til að umsóknir verði metnar samkvæmt þessu kerfi þarf að liggja fyrir skýr framkvæmdar- og kostnaðaráætlun verkefnisins eða verkhlutans og gildir hún samtals allt að 30%. Ef slíkar áætlanir eru ekki fyrir hendi, er umsóknin ekki metin frekar.

Nánari upplýsingar um sjóðinn:

- **Vefsetur Fiskeldissjóðs**
- **Lög um töku gjalds af fiskeldi og fiskeldissjóð**
- **Reglugerð um Fiskeldissjóð**
- **Starfsreglur sjóðsins**
- **Úthlutunarreglur sjóðsins**
- **Matsþættir og mælikvarðar við meðferð umsókna**
- **Ársskýrsla Fiskeldissjóðs 2022**
- **Ársskýrsla Fiskeldissjóðs 2021**

Samráð við sveitarfélögin

Hinn 9. janúar 2023 voru drög að breytingum á úthlutunarreglum sjóðsins kynntar og ræddar á fjarfundi með fulltrúum sveitarfélaganna. Á þann fund mættu auk stjórnar og Hjalta Jóns Guðmundssonar, starfsmanns sjóðsins: Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu, Arna Lára Jónsdóttir, Ísafirði, Björn Ingimarsson, Múlaþingi, Bragi Þór Thoroddsen, Súðavík, Lón B. Hákonarson, Fjarðabyggð, Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Vesturbyggð, Þorgeir Pálsson, Strandabyggð og Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Enn fremur stjórnarmenn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, þær Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjum og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Dalvík.

Að umsóknarfresti liðnum hélt stjórn fjarfundi með sveitarfélögunum hverju fyrir sig þar sem færi gafst á að kynna og ræða umsóknirnar og fyrirbyggjandi verkefni. Er það mat stjórnar að sú nýbreytni hafi gefist vel og hyggst stjórnin viðhalda því verklagi.

Breytingar á úthlutunarreglum

Úthlutunarreglum sjóðsins var breytt lítillega á fundi stjórnar 12. janúar 2023. Fallið var frá því að ákveða hámarksfjárhæð styrkja til einstakra verkefna, sem á fyrra ári nam 50 milljónum króna, en stjórn hefur rétt til að setja hámark á styrki með hliðsjón af úthlutunarfjárhæð og umfangi umsókna hverju sinni. Þá er nú áskilið að þegar sótt er um framhaldsstyrk til verkefnis, sem áður hefur hlotið styrk úr Fiskeldissjóði, skuli liggja fyrir lokaskýrsla vegna fyrri áfanga og/eða greinargott yfirlit um ásættanlega framvindu verkefnisins að mati stjórnar. Engar breytingar voru gerðar á lögum eða reglugerð um Fiskeldissjóð á árinu.



9

Úthlutun 2023

Auglýst var eftir umsóknum 12. janúar 2023 og var umsóknar-frestur til 20. febrúar. Alls lágu fyrir 24 umsóknir að fjárhæð 758.512 m.kr. eða þrefalt hærri fjárhæð en var til úthlutunar. Er það mat stjórnar að þessi staðreynd endurspegli ekki aðeins mikla þörf fyrir uppbyggingu innviða í viðkomandi sveitarfélögum heldur einnig væntingar um að úthlutunarfé sjóðsins yrði aukið verulega eins og til umræðu var haustið 2022.

Úthlutun lauk 3. maí. Fimm verkefni komu ekki til mats og höfðu ýmist hlotið styrk áður eða voru á undirbúningsstigi, en verkefni eru fyrst styrkhæf þegar sýnt er að þau komi til framkvæmda.

Stjórn sjóðsins fundaði 14 sinnum á tímabilinu 2. mars til 3. maí til að fara yfir og meta umsóknir. Sem fyrr gaf stjórnin umsóknum einkunn eftir sjö matsþáttum, sem skipt var í tvo fasa.

Í fyrri fasa voru skoðaðir tveir þættir; lýsing á markmiði verkefnisins og framkvæmdar- og kostnaðaráætlun. Gerð var krafa um að lýsing á markmiði verkefnisins væri skýr og vel skilgreind, enn fremur að framkvæmdar- og kostnaðaráætlun væri vel unnin, raunhæf og fjármögnun trúverðug.

Í síðari fasa voru verkefni sem uppfylltu áðurnefndar kröfur metin skv. matsþáttunum fimm sem endurspeгла áherslur sjóðsins. Voru áhrifin metin eftir því hvort þau væru engin, lítil, nokkur, mikil eða afgerandi og verkefnum síðan raðað í samræmi við þá einkunnagjöf.

Fjárhæð samþykktra umsókna nam samtals 455.860 m.kr. Þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er lægra en sú fjárhæð voru styrkfjárhæðir skertar hlutfallslega þannig að samtala úthlutaðra styrkja væri 247,7 m.kr., sem er sú fjárhæð sem sjóðurinn hafði til úthlutunar. Styrkfjárhæð réðst síðan af hlutfallslegri einkunn viðkomandi verkefnis miðað við hæstu einkunn allra verkefna.

Eftirtalin 12 verkefni í sjö sveitarfélögum hlutu styrk að þessu sinni, en styrkir voru námundaðir að 100 þúsund krónum.

Sveitarfélag / Verkefni		Samtals
Bolungarvíkurkaupstaður		33.400.000
Vatnsveita (framhaldsverkefni)	33.400.000	
Fjarðabyggð		46.950.000
Dýpkun, Eskifjörður	24.500.000	
Fráveita í sex byggðakjörnum	22.450.000	
Ísafjarðarbær		46.280.000
Fráveita Flateyri	22.010.000	
Hreinsivirki og sameining útrása, Suðureyri	24.270.000	
Strandabyggð		24.440.000
Færanlegar kennslustofur, Hólmavík	24.440.000	
Súðavíkurhreppur		2.750.000
Afmörkun hafnarsvæðis fyrir ISPS vottun	2.750.000	
Tálknafjarðarhreppur		24.760.000
Endurbætur á skólahúsnæði og skólalóð	24.760.000	
Vesturbyggð		69.230.000
Slökkvibífreið á Bíldudal	29.020.000	
Vatneyrarbúð, þekkingar- og þróunarsetur, Patreksfirði	8.480.000	
Viðbygging við leikskólann Araklett, Patreksfirði	26.480.000	
Örveruhreinsun með geislatækni, Bíldudal	5.250.000	
Samtals úthlutað 2023		247.690.000

Vatnsveita í Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
(framhaldsverkefni)

33.280.000 kr.



Vatnsöflun í Bolungarvík hefur byggst á söfnun yfirborðsvatns sem er hreinsað og geislað og hafa gæðin þótt óásættanleg. Hreinsistöðin annar auk þess ekki vaxandi eftirspurn eftir neysluvatni einkum eftir að nýtt laxasláturhús reis í plássinu. Nú verður vatni dælt úr borholum í miðlunartank í Hlíðardal, þaðan sem vatninu verður miðlað í lagnakerfi vatnsveitunnar. Bygging miðlunartanksins hlaut 34ra milljón króna styrk úr Fiskeldissjóði á árinu 2022.



Mynd: Bolungarvík

Framkvæmdasvæðið í Hlíðardal,
ofan Bolungarvíkur.

Dýpkun hafnar í Eskifirði

Fjarðabyggð

24.500.000 kr.



Byggð hefur verið bryggja á Eskifirði til að þjónusta fiskeldi sem er í Reyðarfirði. Til að bryggjan nýtist sem best þarf að dýpka að henni niður á 10 m dýpi. Með því fæst varanleg aðstaða fyrir fiskeldisbáta innan Eskifjarðarhafnar og mögulegt verður að taka upp kvíar sem þarfnast viðhalds. Þetta er lokaáfangi verkefnisins en heildarkostnaður við hann er áætlaður um 248 milljónir króna.



Mynd: Fjarðabyggð

Dýpkunarskipið Álfsnes að störfum við Eskifjarðarbryggju. Efnið verður losað við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði.

Fráveita í Breiðdalsvík Fjarðabyggð

22.450.000 kr.



Gerð hefur verið áætlun um að uppfylla kröfur reglugerðar varðandi hreinsun á fráveitu í öllum sex byggðakjörnum Fjarðabyggðar. Útrásir verða sameinaðar og lengdar og hreinsivirki reist. Hafist verður handa á Breiðdalsvík, og er gert ráð fyrir að útrásir og hreinsivirki anni núverandi byggð ásamt óbyggðum deiliskipulögðum svæðum.



Mynd: Fjarðabyggð

Breiðdalsvík verður fyrsti byggðakjarninn í Fjarðabyggð sem uppfyllir kröfur um 1. stigs hreinsun fráveituvatns. Útrásir er fækkað og hreinsivirki reist við hverja útrás.

Fráveita á Flateyri Ísafjarðarbær

22.010.000 kr.



Stefnt er að því að uppfylla kröfur nútímans um þrepaskipta hreinsun á skólpi áður en það rennur til sjávar í Önundarfirði. Með sameiningu útrása sem eru komnar til ára sinna og uppsetningu á hreinsivirki munu sjávangæði í firðinum aukast og útrásir sem eru sýnilegar á stórstraumsfjöru hverfa. Eldiskvíar eru staðsettar ekki langt frá byggðinni á Flateyri og því mikilvægt að huga að sjávangæðum í firðinum.



Mynd: Ísafjarðarbær

Fráveita frá Flateyri er að mestu tekin saman í eina fráveituútrás og um hana fer um 95% af skólpi svæðisins. Útrásin verður lengd og við hana reist skólphreinsistöð þannig að fráveitan uppfylli kröfur reglugerðar um hreinsun á skólpi.

**Hreinsivirki og
sameining útrása
á Suðureyri**
Ísafjarðarbær

24.270.000 kr.



Á Suðureyri eru nú fjórar útrásir, sem til stendur að sameinaða í tvær og lengja út fyrir stórstraumsfjörumörk. Um 90% af skólp magninu fer um þrjár útrásir og er fyrsta skrefið að sameina þær í eina og setja upp hreinsivirki við hana. Markmið verkefnis er að fráveita Suðureyrar uppfylli kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp.



Mynd: Ísafjarðarbær

Þessi útrás verður sameinuð tveimur öðrum og verður endi hennar minnst 5 metrum neðan meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Færanlegar kennslustofur á Hólmavík

Strandabyggð

24.440.000 kr.



Markmið verkefnisins er að sameina alla kennslu á Hólmavík á einum stað en eftir að mikil mygla greindist í grunnskólanum haustið 2022 var kennslu þar hætt og fer hún nú fram á þremur stöðum í þorpinu. Keyptar verða færanlegar kennslustofur, tvær einingar, og settar niður við félagsheimlið þar sem kennsla elstu nemenda fer fram. Með þessu næst aukin samvera og minni tilkostnaður og umstang við akstur nemenda. Aðskilnaður nemendahópa er farinn að valda auknum áhyggjum og kvíða, bæði meðal nemenda og starfsfólks.



Mynd: Strandabyggð

Frá Hólmavík. Gamli grunnskólinn er úr leik eins og er, og ekki ljóst hvenær hann verður opnaður að nýju og þá í hvaða mynd. Öll kennsla á einum stað mun einfalda skólastarf og auka öryggi nemenda í ferðum til og frá skóla.

**ISPS-vottun
hafnarsvæðis**
Súðavíkurhreppur

2.750.000 kr.



Stefnt er að því að fá alþjóðlega ISPS-vottun frá þar til bærum yfirvöldum og geta þar með tekið flutningaskip beint inn til tollafgreiðslu í Súðavíkurhöfn. Til þess verður útbúinn afmarkaður og lokaður hluta hafnarinnar með öryggishliði og girðingu. ISPS-vottun gerir afgreiðslu á fóðri og fiskeldisbúnaði mögulega án þess að toll-afgreiða þurfi skip annars staðar fyrst.



Mynd: Súðavíkurhreppur

Með ISPS-vottun aukast tekjur Súðavíkurhafnar og allir aðflutningar verða einfaldari. Með vottuninni er t.a.m. hægt að taka á móti skemmtiferðaskipum inn á Súðavíkurhöfn. Verkefnið minnkar kolefnisspor aðflutninga og hefur mikla samfélagslega þýðingu.

**Endurbætur á skóla-
húsnæði og skólalóð**
Tálknafjarðarhreppur

24.760.000 kr.



Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar lagfæringar á skólalóðinni og hins vegar flutningur mótuneytis niður á jarðhæðina. Markmiðið er að bæta starfsaðstöðu nemenda og starfsfólks Tálknafjarðarskóla. Góðar náttúrulegar aðstæður skólans eru nýttar til að skapa nútímalega og aðlaðandi vinnuaðstöðu innanhúss sem og öryggi á svæðinu í kringum skólann.



Mynd: Adobe Stock

Frá Tálknafirði. Breytingar á skólalóðinni hvíla á hugviti nemenda sem unnu sex vikna heildstætt verkefni um skólalóðina sína.

**Slökkvibifreið
á Bíldudal**
Vesturbyggð

29.020.000 kr.



Styrkurinn verður nýttur til kaupa á nýrri slökkvibifreið sem staðsett verður á Bíldudal, en núverandi bifreið er frá árinu 1983 og í slæmu ástandi. Á sunnanverðum Vestfjörðum er starfrækt slökkvilið á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal. Við útköll eru öll slökkviliðin kölluð út og mikilvægt að slökkviliðið hafi yfir að ráða öflugum bifreiðum til að lágmarka útkallstíma milli fjarða. Á árinu 2022 veitti Fiskeldissjóður 22,6 milljón króna styrk til byggingar áhaldahúss og slökkvistöðvar á Bíldudal.



Mynd: Vesturbyggð

Hér má sjá nýju slökkvibifreiðina í nýja áhaldahúsinu og slökkvistöðinni. Bifreiðin er af gerðinni Scania P500 4x4 og vel útbúin. Bifreiðin mun stytta viðbragðstíma í eldsvoðum og mengunaróhöppum innan svæðisins.

**Þekkingar- og þróunar-
setur á Patreksfirði**
Vesturbyggð

8.480.000 kr.



Ákveðið hefur verið að í Vatneyrarbúð verði komið upp Rannsóknarsetri fiskeldis sem ætlað er að stuðla að góðum og árangursríkum aðferðum og vinnubrögðum í fiskeldi með áherslu á sátt greinarinnar við umhverfið. Vatneyrarbúð hefur verið endurbyggð á síðustu árum og þar verður aðsetur opinberra stofnana og eftirlitsaðila á einum stað sem er lykilþáttur í að á sunnanverðum Vestfjörðum byggist upp störf sérfræðinga í fiskeldi.



Mynd: Vesturbyggð

Vatneyrarbúð var reist 1916 og er ytra byrðið friðað. Húsið hefur ótvírætt varðveislugildi sem vitnisburður um atvinnusögu Patreksfjarðar, vegna innanstokksmuna sem varðveist hafa í húsinu og vegna umhverfisgildis í götumynd Aðalstrætis.

Viðbygging við leik- skóla á Patreksfirði Vesturbyggð

26.480.000 kr.



Leikskólinn Araklettur á Patreksfirði verður stækkaður með 160 fermetra viðbyggingu, sem gerir sveitarfélaginu kleift að taka á móti þeim börnum sem nú eru á biðlista eftir leikskólaplássi. Markmiðið er einnig að stórbæta aðstöðu barna og starfsmanna leikskólans og minnka starfsmannaveltu sem m.a. er vegna lélegrar starfsmannaaðstöðu, mikils álags vegna fjölda barna og skorts á rými. Þannig skapast fleiri möguleikar atvinnulífs og íbúa til að móta fjölbreyttara og betra umhverfi sem aftur skapar betri lífsgæði.



Mynd: Vesturbyggð

Biðlistar hafa myndast á leikskólanum Arakletti vegna fjölgunar íbúa og sérstaklega fjölskyldufólks.

**Örveruhreinsun
með geislatækni**
Vesturbyggð

5.250.000 kr.



Vatnsveitan á Bíldudal sækir vatn einkum úr lindum innst í dalnum en nýtir einnig yfirborðsvatn. Þessu fyrirkomulagi fylgir viss áhætta en í vatninu geta leynst örverur (gerlar og veirur). Mikilvægt er fyrir Vesturbyggð að geta tryggt gæði og öryggi vatns fyrir íbúa og fyrirtæki en umfangsmikil matvælaframleiðsla er á Bíldudal. Keypt verður geislatæki og verður vatnið geislað með útfjólubláum geislum, sem gerir örverur í vatni óvirkar með því að skemma kjarnsýrur þeirra.



Mynd: Vesturbyggð

Nýtt vatnsveituhús var tekið í notkun á Bíldudal 2021 og er geislunarbúnaðurinn gagngert settur upp til að auka rekstraröryggi vatnsveitunnar og tryggja gæði neysluvatnsins.


Úthlutanir styrkja úr Fiskeldissjóði 2021-2023

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig styrkjum hefur verið úthlutað frá stofnun Fiskeldissjóðs 2021, sundurliðað eftir sveitarfélögum og verkefnum.

Sveitarfélög / Verkefni	2021	2022	2023	Samtals
Bolungarvík	33.400.000	33.280.000	66.680.000	
Vatnsveita		33.280.000	33.280.000	
Vatnsveita í Bolungarvík, bygging miðlunartanks	33.400.000		33.400.000	
Fjarðabyggð	42.583.578	46.950.000	89.533.578	
Dýpkun, Eskifirði		24.500.000	24.500.000	
Fráveita í sex byggðakjörnum		22.450.000	22.450.000	
Leikskólinn Dalborg, Eskifirði	42.583.578		42.583.578	
Ísafjarðarbær	20.439.408	49.400.000	46.280.000	116.119.408
Endurnýjun vatnslagna í Staðardal	33.400.000		33.400.000	
Endurnýjun vatnslagnar í Staðardal	20.439.408		20.439.408	
Fráveita Flateyri		22.010.000	22.010.000	
Hreinsivirki og sameining útrása á Suðureyri		24.270.000	24.270.000	
Nemendagarðar Háskólaseturs, frágangur lóðar	16.000.000		16.000.000	
Múlaþing	28.064.925	32.400.000	60.464.925	
Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi	32.400.000		32.400.000	
Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi	28.064.925		28.064.925	
Strandabyggð		24.440.000	24.440.000	
Færanlegar kennslustofur, Hólmavík		24.440.000	24.440.000	
Súðavíkurhreppur	4.100.000	2.750.000	6.850.000	
Afmörkun hafnarsvæðis fyrir ISPS vottun		2.750.000	2.750.000	
Smitvarnir í Súðavíkurhöfn	4.100.000		4.100.000	
Tálknafjarðarhreppur	28.800.000	24.760.000	53.560.000	
Breytingar á mótuneyti og skólalóð		24.760.000	24.760.000	
Uppbygging á hafnarsvæði	28.800.000		28.800.000	
Vesturbyggð	13.912.089	37.000.000	69.230.000	120.142.089
Áhaldahús og slökkvistöð á Bíldudal	22.600.000		22.600.000	
Fjarlægja asbest vatnslögn á Bíldudal	6.929.723		6.929.723	
Slökkvibífið á Bíldudal		29.020.000	29.020.000	
Vatneyrarbúð, þekkingar- og þróunarsetur á Patreksfirði		8.480.000	8.480.000	
Vatnsöryggi Bíldudal og Patreksfirði	6.982.366		6.982.366	
Vatnsöryggi í Vesturbyggð	4.100.000		4.100.000	
Viðbygging við leikskólann Araklett, Patreksfirði		26.480.000	26.480.000	
Öruggar gönguleiðir, gerð gangstétta á Patreksfirði	10.300.000		10.300.000	
Örveruhreinsun með geislatækni		5.250.000	5.250.000	
Samtals	105.000.000	185.100.000	247.690.000	537.790.000

Styrkir Fiskeldissjóðs skipt eftir landshlutum


Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins tekur úthlutun styrkja eingöngu til einstakra verkefna en miðast hvorki við sveitarfélög né landshluta. Á árinu 2023 bárust fimm umsóknir frá tveimur sveitarfélögum á Austurlandi að fjárhæð 214,1 m.kr. og 19 umsóknir frá fimm sveitarfélögum á Vestfjörðum að fjárhæð 544,4 m.kr. Eftirfarandi tafla og kökurit sýna hlutfallslega úthlutun eftir landshlutum 2021-2023.



Landshluti	2021		2022		2023		Samtals	
Austurland	70.648.503	67%	32.400.000	18%	46.950.000	19%	149.998.503	28%
Vestfirðir	34.351.497	33%	152.700.000	82%	200.740.000	81%	387.791.497	72%
Samtals	105.000.000		185.100.000		247.690.000		537.790.000	

Hvernig nýtast styrkir Fiskeldissjóðs?

Á árinu 2023 var úthlutað 247,7 m.kr. til fjölbreyttra verkefna. Þegar verkefnin eru skoðuð nánar kemur í ljós að stærsti hluti styrkja rann til skóla og bættis aðbúnaðar nemenda, samtals nær 75,7 milljónir króna, en næst mest til fráveitumála, tæplega 69 milljónir króna.



Staða verkefna sem hlutu styrk 2021-2023

Úthlutun styrkja úr Fiskeldissjóði fór fyrst fram í september 2021 og voru þá veittir fimm verkefnastyrkir. Úthlutun 2022 og 2023 fór fram í maímánuði. Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins er helmingur styrks greiddur við undirritun samnings en lokagreiðsla fer fram við verklok eða þegar áður samþykktum verkáfanga er lokið. Reglurnar miða við að verkefni komi til framkvæmda innan árs frá því samningur er gerður og óskar stjórn Fiskeldissjóðs tvívegis á ári eftir upplýsingum um stöðu verkefna sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum.

Á árunum 2021, 2022 og 2023 voru veittir 26 verkefnastyrkir til nýu sveitarfélaga. Af þessum verkefnum var átta ólokið í ársbyrjun 2024.

Staða verkefna sem hlutu styrk 2021-2023

Í ársbyrjun 2024 var staða þeirra verkefna sem fengu styrki úr Fiskeldissjóði 2021, 2022 og 2023 sem hér segir:

Ár	Sveitarfélag	Verkefni	Staða verkefnis
2021	Fjarðabyggð	Leikskóli, Eskifirði, 1. áfangi	Lokið
2021	Ísafjarðarbær	Endurnýjun vatnslagnar, Súgandafirði, 1. áfangi	Lokið
2021	Múlaþing	Fráveita, Djúpavogi, 1. áfangi	Ólokið
2021	Vesturbyggð	Asbestlögn fjarlægð, Bíldudal	Lokið
2021	Vesturbyggð	Vatnsöryggi í Vesturbyggð	Ólokið ¹
2022	Bolungarvík	Vatnsveita, 1. áfangi	Lokið
2022	Ísafjarðarbær	Endurnýjun vatnslagnar, Súgandafirði, 2. áfangi	Lokið
2022	Ísafjarðarbær	Nemendagarðar Háskólaseturs, Ísafirði	Lokið
2022	Múlaþing	Fráveita, Djúpavogi, 2. áfangi	Ólokið
2022	Súðavíkurhreppur	Smitvarnir á hafnarsvæði	Lokið
2022	Tálknafjarðarhreppur	Endurbætur á hafnarsvæði	Lokið
2022	Vesturbyggð	Áhaldahús og slökkvistöð, Bíldudal	Lokið
2022	Vesturbyggð	Vatnsöryggi í Vesturbyggð	Ólokið ²
2022	Vesturbyggð	Öryggi gangandi vegfarenda, Patreksfirði	Ólokið ³
2023	Bolungarvík	Vatnsveita, 2. áfangi	Lokið
2023	Fjarðabyggð	Dýpkun hafnar, Eskifirði	Lokið
2023	Fjarðabyggð	Fráveita, Breiðdalsvík	Lokið
2023	Ísafjarðarbær	Hreinsivirki og sameining útrása, Suðureyri	Lokið
2023	Ísafjarðarbær	Fráveita, Flateyri	Ólokið ⁴
2023	Strandabyggð	Færanlegar kennslustofur, Hólmaþing	Lokið
2023	Súðavíkurhreppur	Afmörkun hafnarsvæðis fyrir ISPS vottun	Ólokið ⁵
2023	Tálknafjarðarhreppur	Flutningur mótuneytis og breytingar á skólalóð	Ólokið ⁶
2023	Vesturbyggð	Örveruhreinsun með geislatækni, Bíldudal	Lokið
2023	Vesturbyggð	Slökkvibífið, Bíldudal	Lokið
2023	Vesturbyggð	Vatneyrarbúð, þekkingar- og þróunarsetur, Patreksfirði	Lokið
2023	Vesturbyggð	Viðbygging við leikskóla, Patreksfirði	Lokið

Skýringar sveitarfélags:

1. Framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins er lokið, verktaki hefur ekki lokið sínum hluta.

2. Sjá athugasemd vegna úthlutunar 2021.

3. Áætluð verkloki haustið 2024.

4. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2024.
5. Uppsetningu og frágangi lokið, vottun bíður afgreiðslu Samgöngustofu.

6. Verkefnið hefur tafist en vonir bundnar við að það komist af stað 2024.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun birti stjórnsýsluúttekt og skýrslu: **Sjókvíaeldi - lagaframkvæmd, stjórnsýsla og eftirlit** í janúar 2023. Eins og heitið gefur til kynna er þar fjallað um setningu laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, greinargerð frumvarpsins og rakið hvaða breytingar urðu á efni þess í meðförum Alþingis. Ennfremur eru þar raktar hugmyndir sem fram komu við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2023, og ekki náðu fram að ganga.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar er fjallað um sjóðakerfið sem tengist sjókvíaeldinu og sérstaklega um Fiskeldissjóð í kafla 5.3. Engar athugasemdir eru gerðar við stjórnsýslu sjóðsins, en rakið hvernig henni er háttað. Þar segir:

Fiskeldissjóður starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Skipað var í stjórn fiskeldissjóð 15. febrúar 2021 og var fyrsti fundur haldinn í mars það ár. Stjórn sjóðsins hefur yfirumsjón með rekstri hans í samræmi við lög og reglugerð setta samkvæmt þeim. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur og úthlutunarreglur ásamt því að skilgreina þau verkefni sem sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á. Þá hefur stjórnin gefið út matsþætti og mælikvarða sem hún hefur til hliðsjónar við meðferð umsókna. Fyrsta úthlutun úr Fiskeldissjóði var árið 2021 þegar 105 m.kr. var úthlutað til fimm verkefna í fjórum sveitarfélögum. Í annarri úthlutun árið 2022 var 185,1 m. kr. úthlutað til níu verkefna í sex sveitarfélögum. Hægt er að skoða úthlutanir og greinargerðir með þeim á vef sjóðsins.

Fiskeldissjóður hefur það hlutverk að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum. Í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram að tilgangur lagasetningarinnar sé að tryggja ríkissjóði beint endurgjald vegna nýtingar hafsvæða í íslenskri lögsögu sem kemur á móti kostnaði ríkisins við stjórnsýslu sem og að starfrækja fiskeldissjóð. Horft var til reynslu Færeyinga af sambærilegu fyrirkomulagi.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar

Í skýrslunni eru settar fram ábendingar til Alþingis. Þar segir í ábendingu nr. 12 að taka þurfi til athugunar árangur Fiskeldissjóðs og að endurskoða þurfi lög nr. 89/2019 í heild sinni:

Ríkisendurskoðun telur tímabært að matvælaráðuneyti endurskoði lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð í heild sinni. Taka þarf til athugunar árangur Fiskeldissjóðs, ákvörðun og álagningu verðmætagjalds og hvort tilefni sé til að binda í lög slægingarstuðul svo nýta megi þau gögn sem framleiðendur skila Matvælastofnun við álagninguna. Leggja þarf mat á hvort álagning og innheimta eigi áfram að vera á hendi Fiskistofu eða hvort fela eigi Matvælastofnun það verkefni.

Stjórn Fiskeldissjóðs hefur fyrir sitt leyti brugðist við þessari ábendingu með því að taka saman hvernig styrkir hafa dreifst milli sveitarfélaga og landsvæða en ennfremur hafa styrkir verið flokkaðir eftir verkefnum. Væntir stjórnin þess að sú samantekt geti nýst við endurskoðun laganna, sem ríkisendurskoðun hvetur til.

Ársskýrslur Fiskeldissjóðs

Ársskýrsla Fiskeldissjóðs fyrir **árið 2021** var birt á vef sjóðsins í ársbyrjun 2023. Ársskýrsla fyrir **árið 2022** var birt á miðju ári 2023. Í skýrslunum er að finna upplýsingar um hlutverk sjóðsins, starfsemina, ráðstöfunarfé og úthlutun styrkja úr sjóðnum sem tók til starfa í febrúar 2021. Ársreikningar sjóðsins eru birtir í viðkomandi skýrslum.


Ársreikningur 2023

Skýrsla og áritun forstöðumanns	31
Yfirlit um afkomu ársins	32
Efnahagsreikningur	33
Sjóðstreymisyfirlit	34
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	35
Skýringar	36

Fiskeldissjóður

Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Matvælaráðuneytisins

Borgartúni 26
105 Reykjavík



Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fiskeldissjóður er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.

Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 259,2 milljónir og afkoma kr. 4,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 25,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 240,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fiskeldissjóðs fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Anna María Urbancic, skrifstofustjóri.

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	259.200.000	196.800.000
Tekjur samtals		259.200.000	196.800.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	247.690.000	290.100.000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	2.118.808	951.641
Annar rekstrarkostnaður	5	4.441.896	6.688
Gjöld samtals		254.250.704	291.058.329
Afkoma ársins		4.949.296	(94.258.329)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	4.939.296	10.741.671
Rekstrartilfærslur		10.000	(105.000.000)
		4.949.296	(94.258.329)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Tengdir aðilar	6	240.771.419	165.228.477
Eignir samtals		240.771.419	165.228.477
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	2.000.000	0
Ýmsar skammtímaskuldir	7	213.143.646	144.550.000
Skuldir samtals		215.143.646	144.550.000
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		25.627.773	20.678.477
Eigið fé	8		
Hrein eign		25.627.773	20.678.477
Skuldir samtals		25.627.773	20.678.477
Eigið fé og skuldir samtals		240.771.419	165.228.477
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		4.949.296	(94.258.329)
		4.949.296	(94.258.329)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(73.542.942)	(50.291.671)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		68.593.646	144.550.000
		(4.949.296)	94.258.329
Handbært fé frá rekstri		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
Handbært fé í árslok		0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	11.500.000	247.700.000	259.200.000
Fjárveiting ársins	11.500.000	247.700.000	259.200.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	20.678.477	0	20.678.477
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	32.178.477	247.700.000	279.878.477
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(6.560.704)	(247.690.000)	(254.250.704)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	25.617.773	10.000	25.627.773

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðs-reglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekens endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skýringar

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigu-greiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2. Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	259.200.000	196.800.000
	<u>259.200.000</u>	<u>196.800.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	11.500.000	247.700.000	0	259.200.000
Fjárveiting til tekna	11.500.000	247.700.000	0	259.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(6.560.704)	(247.690.000)	0	(254.250.704)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.939.296	10.000	0	4.949.296

	2023	2022
3. Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	247.690.000	290.100.000
	<u>247.690.000</u>	<u>290.100.000</u>

4. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.975.922	894.820
Launatengd gjöld	142.886	56.821
	<u>2.118.808</u>	<u>951.641</u>

Skýringar

5. Annar rekstrarkostnaður

	2023	2022
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	348.000	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	85.603	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	433.603	0
Samningsbundin kaup og leiga	4.000.000	0
Afnotagjöld	8.293	6.688
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	4.008.293	6.688
Annar rekstrarkostnaður samtals	4.441.896	6.688

6. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	240.771.419	165.228.477
	240.771.419	165.228.47

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	2.000.000	0
	2.000.000	0

7. Ýmsar skammtímaskuldir

Önnur ógreidd gjöld	213.143.646	144.550.000
	213.143.646	144.550.000

	2023	2022
8. Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	20.678.477	114.936.806
Afkoma ársins	4.949.296	(94.258.329)
Jöfnuður 31.12.	25.627.773	20.678.477

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

9. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Sjóðurinn hefur gert skuldbindandi samninga við sveitarfélög um að styrkja ýmis innviðaverkefni. Helmingur styrks er greiddur út við undirritun samnings og seinni hluti við verklok. Því er sjóðurinn skuldbundinn útgreiðslu þeirra styrkja að því gefnu að sveitarfélög ljúki styrktum innviðaverkefnum á samningstíma..

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

